

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlut- aðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að tak- marka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Sama gildir um fólksbifreiðar í þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, enda komi til meðmæli hreppsnefnda í þeim sveitarfélögum, sem félagssvæðið nær til. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allar leigubif- reiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.